

5.12. '12

468. mál

Alþingi
Erindi nr. P 141/1267
komudagur 5.12.2012


***Samantekt á væntanlegum áhrifum af
hækkun á vörugjaldi bílaleigubifreiða
samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013***

Bílaleigunefnd SAF




Rekstrarskilyrði - Samkeppnishæfni

- Alþingi samþykkti ferðamálaáætlun til ársins 2015 árið 1995
 - Eitt af meginmarkmiðum áætlunarinnar er:
 - Tryggja samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrekstri í greininni
 - Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum
- **Vörugjöld voru lækkuð á bílaleigubíla árlö 2000**
 - Gerði bílaleigum kleift að endurnýja flota sinn
 - Það var hægt að fjölga bílaleigubílum yfir háannatímamann sem standa ónotaðir yfir vetrarmánuði. Lægri vörugjöld, minnka bein afföll bílaleiga af bifreiðum.
 - Verð á bílaleigubílum lækkaði, eftirspurn jókst
 - **Rekstrarumhverfi gjörólíkt því sem þekktist erlendis**
 - Ferðamannatímabilið mjög stutt
 - Vaxtaumhverfi
 - Vörugjöld og vsk umhverfi misjafnt
 - Afföll bifreiða og nýting flota
 - Rekstrarkostnaður og slit
- Bílaleigubílar eru gríðarlega mikilvægir til að **dreifa ferðamönnum sem jafnast um allt landið**. Ferðamenn fóru vegna aukins framboðs og vegna samkeppnishæfrar verðlagningar að ferðast á eiginvegum



Yfirlit áhrifa væntanlegra breytinga


- **17,4%** hækkun innkaupsverðs bílaleigubíla
- Kaupgeta bílaleiga á nýjum bílum dregst saman um **48,9%**
- Stærsti rekstarkostnaðarliður bílaleiga „afföll“ hækka á 15 mánuðum um **58%**.
- Meðalútleiguverð verður að hækka að jafnaði um **27%** allt árið.
 - Engin breyting verður á endursöluverði/endurkaupaverði
 - Öll hækkun á innkaupsverði bifreiða verður að koma fram í hærra verðlagi á bílaleigubílum
- Ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir bílgreinina á Íslandi
- Tekjur ríkissjóðs dragast saman



17,4% hækkun innkaupsverðs

2424 bílar keyptir 2011	
	Án vsk
Fjöldi keyptra bílaleigubíla	2.424
Listaverð keyptra bílaleigubíla 2011	8.754.733.068
Kaupverð bílaleiga með afslætti frá umboði	8.054.354.422
Lækkun vörugjalda	1.194.000.000
Innkaupsverð 2424 bílaleigubíla	6.860.354.422
Greidd vörugjöld	448.293.117
Meðalkaupverð bílaleiga á bíl	2.830.179
Nýtt meðalkaupverð án lækkunar vörugjalds	3.322.753
Hækkun á meðalinnkaupsverði í krónutölum	492.574
Hækkun á meðalkaupverði	17,40%


- Útreikningar byggjast á fjölda keyptra bílaleigubíla árið 2011



Kaupgeta bílaleiga á nýjum bílum dregst saman um **48,9%**

Bílakaup 2011	Fjöldi keyptra bíla	Heildarverð
Eiginfjárframlag bílaleigufyrirtækja	15%	1.029.053.163
Lán frá fjármálafyrirtækjum	85%	5.831.301.259
Keyptir bílar 2011	2.424	6.860.354.422
Kaupgeta árið 2014		
Eiginfjárframlag bílaleigufyrirtækja	25%	1.029.053.163
Lán frá fjármálafyrirtækjum	75%	3.087.159.490
Kaupgeta eftir breytingu	1.239	4.116.212.653
Fækkun nýrra keyptra bílaleigubifreiða	-48,9%	


- Eiginfjárfrafa fjármögnunaraðila mun hækka um **10% stig** til að viðhalda sama veðhlutfalli og áður yfir líftíma bílsins.
- Þetta hefur verið staðfest af fjármögnunarfyrirtækjum og með einföldum útreikningi þar sem endursöluverð/endurkaupaverð er ekki að hækka



*Stærsti rekstarkostnaðarliður bílaleiga „afföll“ hækka á 15 mánuðum um **58%**.*

Miðað við að keyptir séu 2424 bílar árið 2014 vs 2011				
	Fyrir breytingu	Eftir breytingu	Breyting	
Áætlað listaverð	8.754.733.068	8.754.733.068	0,00%	
Kaupverð með afslætti	8.054.354.422	8.054.354.422	0,00%	
Lækkuð vörugjöld	- 1.194.000.000	0		
Kaupverð bílaleigu	6.860.354.422	8.054.354.422	17,40%	
Mv. 45% afföll frá listaverði				
Uppítökuverð eftir 15 mán	4.815.103.187	4.815.103.187	0,00%	
Afföll bílaleigu í krónum	2.045.251.235	3.239.251.235	58,38%	
Afföll í prósentum	29,81%	40,22%	34,90%	
Afföll frá listaverði	45,00%	45,00%	0,00%	


- Þar sem listaverð breytist ekkert, endurkaupaverð breytist ekkert verður öll vörugjaldabreyting að koma fram í verðhækkun á útleigu bíla
- Aukin afföll leiða til þess að bílum fækkar yfir háannatíman þar sem það svarar ekki kostnaði lengur að leggja þeim á veturna.



Meðalútleiguverð verður að hækka að jafnaði um **27%** allt árið.


Ný bílaleiga stofnuð 1. júní 2014 eftir breytingu,	15 mánaða tímabil
Fjöldi keyptra bíla	2424
Framboðnir dagar frá júní til ágúst árið eftir í 15 mánuði alls	1.107.768
Áætlaðir fjöldi seldra daga á tímabilinu	504.354
Áætlað meðalverð á tímabilinu	9.500
Áætlaðar heildartekjur á 15 mánaðatímabili án vsk. af útleigu 2424 bifreiða	4.791.363.000
Afföll bílaleigubíla aukast vegna breyttra vörugjalda um	1.194.331.985
Aukinn vaxtakostnaður vegna fjárbindingar vegna hærra vörugjalds	119.433.199
Ef hægt er að velta allri kostnaðarverðshækkuninni út í verðlagið þyrfti meðalverð að hækka alla daga ársins um.	27,42%

- Vegna offramboðs á bílaleigubílum á veturna er líklegt að meðalverð hækki ekki eins á þeim árstíma og því verði hækkunin yfir sumarmánuði mun meiri.



Ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir bílgreinina á Íslandi


- Við efnahagshrunið drógst sala bifreiðumboða saman um 90%. Hrun varð í greininni.
 - Nú loksins eru fyrirtækin farin að byggja upp, bæta við starfsfólki og fyrirtækin farin að auglýsa með myndum.
 - Kaup bílaleigufyrirtækja hafa undanfarin ár haldið uppi sölu þessara fyrirtækja
 - Ljóst er að bílaumboðin gera sér grein fyrir þeim miklu breytingum sem fyrirhugaðar eru á starfsumhverfinu. Sjá yfirlýsingu frá Bílgreinasambandinu
- Hugsanleg viðbrögð bílaleiga við breytingum
 - Bílaleigur eru líklegri til að eiga bifreiðar lengur.
 - Bílaleigur fækka kaupum á nýjum bílum þar sem eiginfjárfrafa er mikil og afföll á nýjum bílum orðin mikil.
 - 3 til 4 ára notkun fer að vera neyðarúrræði
 - Bílaleigur reyna að kaupa bifreiðar ódýrara inn, milliliðalaust eða notaðar bílaleigubifreiðar erlendis frá.
 - Bílaleigur skoða leiðir til að leigja bíla inn til landsins yfir háannatíma.
- Svört starfsemi vex og dafnar og druslubílaleigur blómstra sbr. árið 2009
- Erlendar bílaleigur fara að leigja bíla í meira magni á Íslandi og til Íslands.



Tekjur ríkissjóðs


	2011	2014	Breyting
Kaupgeta bílaleiga mv.forsendur hvers árs	2.424	1.239	-48,89%
Eigið fé notað í bílakaup	1.029.053.163	1.029.053.163	0,00%
Kaupgeta í krónum talið / Innkaupsverð	6.860.354.422	4.116.212.653	-40,00%
Greidd vörugjöld	448.293.117	839.381.427	391.088.310
Áætlaðar tekjur af leigu meðalbifreiðar á ári			1.305.000
Fækkun bíla vegna minni innkaupa			1.185
Tapaðar leigutekjur af þessum bílum			1.546.425.000
Tapaður virðisaukaskattur á ári af leigutekjum			- 394.338.375
Tapaðar tekjur af bensíngjaldi			- 151.706.000
Tapaðar tekjur af virðisaukaskatti af bensíni			- 125.226.000
Tapaður virðisaukaskattur af álagningu bifreiðaumboða			- 91.273.000
Samtals tapaðar tekjur af fækkun bílaleigubíla			- 762.543.375
Bein áhrif af breytingu á tekjur ríkissjóðs			- 371.455.065

- Greidd vörugjöld eftir að breyting er að fullu komin fram aukast aðeins um 391 milljón ekki 1.000 milljónir eins og stefnt er að, vegna minni kaupgetu.
- Tapaðar tekjur ríkissjóðs af fækkun keyptra bílaleigubíla og færri bílaleigubílum í umferð eru 762,5 milljón
- **Bein áhrif á tekjur ríkissjóðs af breytingu er 371,5 milljóna tekjutap.**




Tekjur ríkissjóðs dragast saman

- Verðteygni er mikil og er til staðar. Hvergi er gert ráð fyrir henni í útreikningum. Hins vegar má áætla útfrá verðteygni að fækkun bílaleigubíla þurfi aðeins að vera um **550 bílar** á ári til að ríkið verði af þeim vörugjöldum sem nást með fyrirhugaðri breytingu.
- Við hækkun útsöluverðs bílaleigubifreiða versnar samkeppnisstaða Íslands mikið. Pakkinn flug, bíll og hótél hækkar verulega mikið í verði. Sé skýrsla hagfræðistofnunar rétt er varðar verðteygni þá hefur þessi **viðbótarhækkun** gríðarleg áhrif til fækkunar ferðamanna á Íslandi.
- Ljóst er að dreifing ferðamanna um landið minnkar við fækkun bílaleigubíla. Dreifðari byggðir landsins skaðast mikið.
- Við minnkandi bílakaup minnkar virðisaukaskattur af bílaviðskiptum um **699,7** milljónir. Þessi virðisaukaskattur hefði að stórum hluta smám saman skilað sér til ríkissjóðs við endursölu bíla frá bílaleigum.
- Bílaleigur starfa í 25,5% vsk umhverfi og verður til mikill virðisauki í þeirra starfsemi.






Eftirlit og staðreyndir

- Bílaleigurnar hafa kallað eftir auknu eftirliti og hafa boðist til að greiða fyrir slíkt eftirlit með starfsemi bílaleigufyrirtækja
 - Þetta er til að fyrirbyggja misnotkun á núverandi kerfi
 - Auka tekjur ríkissjóðs vegna minni svartrar starfsemi og starfsemi erlendra bílaleiga hérlendis
 - Skýrar reglur og refsingar vegna leyfislausrar starfsemi eru nauðsynlegar
- SAF er tilbúið til að taka þátt í nefndarstörfum með hinu opinbera með það fyrir augum að auka tekjur ríkissjóðs, gæði og öryggi í greininni.
- Almennigur er ekki að niðurgreiða bílaleigubíla fyrir útlendinga
 - Útlendingar eru að niðurgreiða bílaleigubíla fyrir Íslendinga og Íslenska ríkið
- Bílaleigur hafa flutt inn gríðarlegt magn af umhverfisvænum ökutækjum á undanförunum árum enda hefur þróunin á nýjum bifreiðum verið gríðarlega hröð.







Er þetta framtíðin?



S A F

Er þetta framtíðin?






S A F

Hugmyndir

- Mat bílaleigunefndar SAF er að fyrirhugaðar breytingar á afslætti bílaleiga af vörugjöldum muni ekki skila þeim tekjum í ríkissjóð sem lagt er upp með
- Bílaleigur hafa kallað eftir auknu eftirliti með starfsemi bílaleigufyrirtækja og hafa boðist til að greiða fyrir það. Tilgangur með því er fyrst og fremst:
 - að fyrirbyggja misnotkun á núverandi kerfi,
 - auka tekjur ríkissjóðs vegna minni svartrar starfsemi og leyfislausrar starfsemi innlendra og erlendra bílaleiga hérlendis
 - Skýrar reglur og refsingar vegna leyfislausrar starfsemi eru nauðsynlegar
- Hér á eftir koma hugmyndir bílaleigunefndar SAF að skattlagningu á bílaleigur sem miða að því
 - Að skapa ríkissjóði öruggar tekjur
 - Hafi hvorki róttæk áhrif á framboð né eftirspurn
 - Bæta eftirlit og innheimtu virðisaukaskatts, tryggingagjalds, vörugjalds og annarra skatt
 - Opna leiðir til skattlagningar á ökutækjum sem flutt eru inn til skamms tíma hvort sem er vegna atvinnustarfsemi eða einkanota



Hugmyndir

- **Árlegt leyfisgjald(eftirlitsgjöld)**

- Tveir flokkar


- Bílaleigur sem nýta niðurfellingu, leyfisgjald 2-3 milljónir á ári
 - Bílaleigur sem ekki nýta niðurfellingu, leyfisgjald 250 til 500þús

- **Áætlaðar tekjur 170 til 190 milljónir**

- Að hluta til nýtt til eftirlits sem gera má ráð fyrir að skili ekki minni tekjum en kostað er til í eftirlitið. Varlega má áætla að með auknu eftirliti finnst um 5 til 7% af tekjum sem ekki er gert grein fyrir í dag

- Forsendur,

- Skráðar bílaleigur í dag ca. 130
 - 65-70 bílaleigur greiði hærra leyfisgjald og 35 til 40 greiði lægra gjaldið
 - Þeim fækkar sem eru að misnota hugsanlega kerfið og sjá sér ekki hag í því lengur



Hugmyndir

- **Veggjald - Road Tax**

- Veggjald lagt á bílaleigur
 - 1% til 1,5% af leigutekjum
 - Allar bílaleigur innheimta af öllum leigutökum
 - Þó ekki hægt að koma öllu út í verðlagið fyrir 2013 vegna samninga sem þegar hafa verið gerðir
- **Áætlaðar tekjur 120 til 180 milljónir**
 - Veggjald þetta skapar tækifæri til sambærilegrar skattlagningar á önnur ökutæki sem flytja ferðamenn




Hugmyndir

▪ **Veggjald / Vegtollur - Road Tax**

- Jafnframt innheimt af öllum bílum sem koma til landsins með Norrænu og öðrum skipafélögum
 - Áætlað um 4500 ökutæki
- Innheimt af fólksbílum, fólksflutningabílum, erlendum bílaleigubílum, og öðrum ökutækjum.
- Gjaldtaka til dæmis fjórskipt
 - Mótórhjól 10 EUR pr. dag
 - Fólksbílar 15 EUR pr. dag
 - Jeppar 20 EUR pr. dag
 - Fólksflutningabílar 50 EUR pr. Dag

➤ **Áætlaðar tekjur 150 milljónir**


- Bætir eftirlit með ökutækjum til atvinnustarfsemi sem flutt eru til landsins og mögulegrar tekjuöflunar af þeim



Heildar viðbótartekjur

- Leyfisgöld 170 -190 milljónir
- Road Tax bílaleigur 120 -180 milljónir
- Road tax Norræna 150 milljónir

- Alls tekjur 440 – 520 milljónir



Hugmyndir

▪ **Forsendur**

- Að gjaldtakan sé í gildi á meðan bílaleigur njóti afsláttar af vörugjöldum í sama hlutfalli og nú er m.v. full vörugjöld. Þ.e.a.s að munur á almennum gjöldum og þeim vörugjöldum sem bílaleigur greiði haldist sá sami
- Að gjaldtakan verði ekki að fullu á fyrsta ári
- Miðað er við að því hærra sem fasta gjaldið yrði ákveðið, sbr. umfjöllun hér að framan, þeim mun lægra yrði veltutengda gjaldið. Hugsanlega mætti setja einhvers konar þak á greiðslur bílaleigu-fyrirtækja þannig að þær yrðu ekki hærri en tiltekin fjárhæð á ári vegna beggja gjaldstofnanna.

